REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

# DRÖG



# NJARÐVÍKURHÖFN - NORÐURSVÆÐI

**Húsakönnun**
**Tillaga júní 2023**

KANON ARKITEKTAR

## Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Inngangur | 4 |
| Afmörkun húsakönnunar | 6 |
| Sögubrot um uppbyggingu í Njarðvíkurhöfn | 8 |
| Úr aðalskipulagi / skipulagsleg staða | 30 |
| Umhverfi | 34 |
| Varðveislumat | 44 |
| Húsaskrá | 50 |
| Heimildir | 75 |




Horft í átt að Norðurgarði á svokallaðan ísturn.

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar.

## Inngangur

Hér fer á eftir húsakönnun á norðurhluta Njarðvíkurhafnar í Reykjanesbæ. Húsakönnunin er byggingarlistarleg og menningarleg úttekt; skoðun, skráning, greining og mat á einstökum húsum, byggðarumhverfi og heildarsvip, studd nauðsynlegum frumheimildum.

Tilgangur húsakannana er m.a. að tryggja, að ákvarðanir um breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi því sem þau hafa fyrir umhverfi sitt og komandi kynslóðir. Á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar er mótuð stefna um vernd sérstakra gæða bygginga og byggðar. Þá er húsakönnun mikilvægt gagn til að uppfræða íbúa og aðra um byggingararfleifð og umhverfi sitt. Könnunin er einnig grunnur fyrir og hvatning til umsóknar styrkja úr húsafriðunarsjóði til að gera upp merk hús.

Unnið er eftir leiðbeiningum, skráningar- og matskerfis Minjastofnunar Íslands um byggða- og húsakannanir, frá árinu 2019.
Niðurstöður úttektar og mats á byggingum og umhverfi í húsakönnuninni eru settar fram í húsaskrá, texta, ljósmyndum og kortum með byggingartímabili og byggingarefni húsa, húsverndarkorti og varðveislumati. Vettvangskönnun og myndataka fór fram í janúar 2021.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.





Nýlegar loftmyndir af svæðinu.

## Afmörkun húsakönnunar

Byggðin, sem er að hluta til á skilgreindu hafnarsvæði samkvæmt aðalskipulagi, afmarkast af Fitjabraut að suðvestan, Sjávargötu til norðvesturs og er við Hafnarbraut nyrst. Aðkomur að svæðinu eru frá Sjávargötu.

Alls eru 23 hús innan afmörkunar þessarar húsakönnunar, þar af 11 sem tilheyra Sjávargötu, 7 við Hafnarbakka og 5 við Hafnarbraut. Húsin voru byggð á tímabilinu 1918-1995.



Loftmynd af Njarðvíkurhöfn



## Sögubrot um uppbyggingu í Njarðvíkurhöfn

Uppbygging Njarðvíkurhafnar átti sér nokkuð langan aðdraganda þar sem mismunandi aðilar reyndu að koma framkvæmdum á hafnarsvæðinu af stað en af ýmsum ástæðum runnu þær tilraunir út í sandinn.
Áætlanir báru á endanum árangur og uppbygging hófst loks með Skipasmíðastöð Njarðvíkur í aðalhlutverki.
Höfnin í Njarðvík er í dag rótgróið og líflegt atvinnusvæði þar sem hafnsækin starfsemi er áberandi.

Á árum áður var útgerð og sjósókn töluverð frá Njarðvík. Bryggjur og aðstaða var á hendi einstakra útgerðarmanna en það vantaði sömu aðstöðu fyrir almenning. Þörfin jókst enn eftir að farið var að nota vélbáta og eftir því sem leið á öldina varð krafan um hafskipabryggju í Njarðvíkurhöfn háværari.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



**Við gerð hafnargarðs í Ytri-Njarðvík.**



**Saltfiskverkun í Ytri-Njarðvík.**

Í byrjun 20. aldar voru nokkrar tilraunir gerðar til að hefja uppbyggingu án árangurs. Það sem tafði m.a. framkvæmdir var að áætlanir sköruðust að hluta til við uppbyggingu hafnaraðstöðu í Keflavík og ágreiningur var við Keflvíkinga um uppbygginguna. T.d. voru áætlanir um uppbyggingu stórrar hafnar í Njarðvík í kringum árið 1940 en vegna deilna við Keflvíkinga varð ekkert úr. Þess má geta að fyrir 1942 voru Njarðvíkurhreppur og Keflavík eitt bæjarfélag en 1941 krafðist Njarðvík aðskilnaðar og voru hafnarmálin höfuðástæðan.

Lög um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum voru samþykkt á Alþingi 1946 og þar með voru hafnarmál Njarðvíkur leyst endanlega. Þá var ákveðið að ríkið skyldi starfrækja hafnarmannvirkin í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Um þetta leyti hófust fyrst hafnarframkvæmdir í Njarðvík af hálfu hins opinbera.

Á næstu áratugum risu byggingar, þær sem fjallað er um í húsakönnun þessari og aðrar, eins og kragi kringum höfnina. Saman mynda þær heild og milli þeirra eru hafnargötur, malarplön og steyptar stéttir.

Njarðvíkurhöfn samanstendur af tveimur hafnargörðum, norður- og suðurgarði, sem eru að mestu leyti úr steinsteyptum kerum sem steypt voru við höfnina. Grjótvarnargarður er utan við norðurgarðinn og stálþil á austurenda hans.

Á suðursvæði hafnarinnar er nú gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við aukin umsvif skipasmíðastöðvarinnar og athafnasvæðið mun stækka með landfyllingu og nýjum viðlegukanti.







**Frystihús Karvels Ögmundssonar í Ytri-Njarðvík.**



**Skreiðinni pakkað í fiskvinnslu Karvels Ögmundssonar í Ytri-Njarðvík.**



**Í Vélsmiðju Olavs Olsen í Ytri-Njarðvík.**

Norðvestan við hafnarsvæðið er eldri byggð, þar á meðal 7 hús byggð árið 1930 eða fyrr, það elsta frá árinu 1918.

Þessi elstu hús, sem standa enn, minna á byggðina sem þar var á fyrstu áratugum aldarinnar þegar yfirbragð þorpsins var upprunalegt og fjölbreytilegt. Í þá daga voru matjurtargarðar við hús og hlaðið í kringum þá grjótgörðum og öllu ægði saman.
Matjurtargarðar og grjótgarðar viku seinna fyrir skrautjurtum og með tímanum varð aðgreiningin meiri milli íbúðarhúsa og atvinnuhúsnæðis.

Á norð- og suðvesturhluta svæðisins, við Sjávargötu, er gert ráð fyrir framtíðarbyggð sem verður blönduð byggð íbúða, verslana og þjónustu.



**Vatn sótt, myndin tekin á Sjávargötunni, líklega á fjórða áratugnum.**







**Horft yfir Ytri-Njarðvík um 1945.**




**Í Ytri-Njarðvík árið 1964.**



**Stefánshús eldra við Borgarveg í Ytri Njarðvík.**

Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



**Horft yfir svæðið, fyrir miðju er Sjávargata 4 og 6 og til vinstri er Sjávargata 8. Í fjarska þar á bakvið sést í Hafnarbakka 11 og 13.**

Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.






Lega Sjávargötu árið 1954,
eina greinilega gatan á þessari loftmynd




**Byggðin orðin þéttari og fleiri götur, landfyllingar og stærri hafnargarðar**

- Sjávargata 1954
- meginleið Sjávargötu
- Hafnarbraut komin að hluta
- Hafnarbakki kominn

## Helstu götubreytingar




- Sjávargata 1954
- Meginleið Sjávargötu hefur færst til vesturs
- Hafnarbraut komin og tengist Norðurbakka
- Hafnarbakki
- Ný gata á landfyllingu í dag árið 2021



**Horft eftir Sjávargötunni, til hægri eru tvö elstu hús af þremur á svæðinu, Sjávargata 32 og 30.**



Horft niður eftir Hafnarbrautinni í átt
að Norðurgarði, ísturninn í fjarska.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



Þessi hluti Sjávargötunnar var meginumferðarleiðin áður fyrr, en er nú lokaður.



Lokaður hluti Sjávargötunnar séð hinum megin frá.


Byggðin á hafnarsvæðinu 1937
(á loftmynd frá 1954)
Hús sem voru byggð 1937 eða fyrr
og standa enn í dag
Hafnarbakki
Sjávargata
4
29
28
30
32
33
38
19
20
18
5
14
9
0
200
300
400 m


Loftmynd 1954
Hús sem eru á loftmynd frá 1954
og standa enn í dag
Hús eða viðbyggingar sem komu síðar
Núverandi gatnakerfi
hér er landfylling
í dag
hér er vegur í dag
Hafnarbakki
Sjávargata
6
27
29
4
2
10
28
30
32
33
38
19
1
20
18
5
14
11
1A
12
8
6
9
11A
13
4
6
6
0
200
300
400 m

## Byggðin áður og nú, Hafnarbakki 9, 11, 11a, og 13.





Hafnarbakki 9, 11a og 13 árið 2021.










Hafnarbakki 11 árið 2021.

## Byggðin áður og nú, Hafnarbraut 4 og 6.





Hafnarbraut 4 og 6 árið 2021.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.

## Sjávargata 38 og 33.





Sjávargata 38 og 33 árið 2021.

## Byggðin áður og nú, Hafnarbakki 10.







Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



Loftmynd frá 2017. Fremst er Hafnarbakki 10, til hægri er Sjávargatan og í fjarska er Hafnarbakki 11 og 13.





Fyrrum Vélsmiðju Ól. Ólsen í Njarðvík breytt í íbúðarhúsnæði, mynd tekin árið 2021.




**Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035**



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.

## Úr aðalskipulagi / skipulagsleg staða

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 er svæðið hluti af hafnarsvæði H4 Njarðvíkurhöfn, hluti af VÞ20 og allt M7 svæðið.
Í gildandi aðalskipulagi segir m.a. um þessi þrjú svæði:

"*H4 Njarðvíkurhöfn. Njarðvíkurhöfn er fiskibátahöfn og flutningahöfn. Starfsemi á hafnarsvæðinu er þjónusta fyrir skip og fiskvinnslur ásamt ísverksmiðju. Í Njarðvíkurhöfn er skipasmíði og -viðgerðir. Landrými er fyrir frekari uppbyggingu á öllu hafnarsvæðinu.*"

*"Á hafnarsvæðinu eru gámasvæði og athafnasvæði undir berum himni vegna þjónustu við skip og báta. Viðlegukantur er fyrir skip allt að 130m löng."*

*"Á norðvestasta hluta hafnarsvæðisins þarf að taka tillit til framtíðarbyggðar, sem verður blönduð byggð íbúða, verslana og þjónustu. Skal miða við að þar verði hreinleg starfsemi sem hefur ekki í för með sér mengun og móta byggð þannig að næsta umhverfi hafnarinnar verði skermað af svo innsýn á athafnasvæðið sé minnkuð og áhrifa af hávaða verði minnkuð. "*

"*M7 Vestan Njarðvíkurhafnar. Gert er ráð fyrir endurskipulagningu svæðisins og blandaðri byggð atvinnu, þjónustu og íbúða á efri hæðum. Í jaðri íbúðarbyggðar að hafnarsvæði er nú, auk íbúðarhúsa, hafnartengt húsnæði í misgóðu ástandi. Staðsetning íbúðarbyggðar er heppileg m.t.t. nálægðar við aðra byggð og grunnskóla með fallegt útsýni til sjávar. Gert er ráð fyrir þriggja til fjögurra hæða byggingum.*
*Eldri byggð á svæðinu verði gert til góða sbr. Húsakönnun (Njarðvíkurhöfn, suðursvæði) dags. nóv. 2020. Huga skal sérstaklega að hljóðvist vegna flugs við deiliskipulagsgerð. Svæðið er í nánd við 4 m hæðarlínu, sjá þemakort fyrir íbúðabyggð. Við ákvörðunartöku þarf að meta hvort setja þurfi skilmála eða kröfur vegna áhrifa hækkandi sjávarstöðu.*"



Sjávargata 30 og 28.


Sjávargata 32 og 38.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.

*"VÞ20 Sjávargata. Ýmis nærþjónusta og verslun. Gert er ráð fyrir þróun á svæðinu í jaðri við Sjávargötu. 3ja - 4ra hæða byggð. Með þessari byggð verði hafnarsvæði sunnan við skermað af sbr. skilgreiningu á H4 í kafla 4.3.1.26"*

Samkvæmt aðalskipulagi er hverfisverndað svæði innan afmörkunar, þar sem elsta byggðin við Njarðvíkurhöfn er. Þar segir:

*"HV30 Byggð við Njarðvíkurhöfn. Njarðvíkurhöfn og nálæg byggð. Eldra byggðarmynstur og hús, dæmi um byggð frá gömlu Njarðvík. Til er húsakönnun frá nóvember 2020 fyrir suðursvæði hafnarinnar. Í vinnslu er húsakönnun fyrir norðursvæðið og einnig þá byggð sem stendur næst hafnarsvæðinu vestan- og norðanmegin."*

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir suðurhluta Njarðvíkurhafnar og gerð var húsakönnun á þeim hluta hafnarsvæðisins árið 2020.

## Umhverfi

Nálægðin við hafið og skipin í höfninni gefa svæðinu einkennandi yfirbragð svo hafnarsvæðið í heild sinni verður á einhvern hátt einstakur heimur. Hafnarmannvirkin mynda heild þar sem hver bygging með sitt sérhæfa hlutverk er hluti af stærri vél hafnarinnar. Hvert hús mótar rými og saman afmarka þau opin athafnasvæði hafnarinnar með hafnargötum og malarslóðum sem tengja allt saman. Landrými er fyrir frekari uppbyggingu á öllu hafnarsvæðinu.

**Suðurhluti hafnarsvæðisins þar sem skipakvíin er við Sjávargötu 6, einnig húsnr. 8 og 12. Lengst til hægri fremst er Hafnarbakki 9. Gerð var húsakönnun á suðurhluta hafnarsvæðisins árið 2020.**





Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



**Horft frá Suðurgarði í átt að byggðinni.**



**Hafnarsvæðið, til vinstri er Sjávargata 12 og fyrir miðju fjær er Hafnarbakki 11 og 9.**

Á svæðinu vestan og norðan við hafnarsvæðið er eldra byggðarmynstur og eldri hús sem tilheyrðu gömlu Njarðvík. Eldri byggðin fléttast vel við yngri byggingar hafnarsvæðisins og saman móta byggingarnar rými í góðum hlutföllum. Núverandi byggð á svæðinu býður upp á möguleika á góðum götu- og torgrýmum, einnig opnum rýmum bæði inn í byggðinni og við hafið.

Mikil tækifæri eru á svæðinu til að skapa aðlaðandi og spennandi hafnarhverfi þar sem hægt væri að ganga sér til skemmtunar, upplifa líflegt hafnarsvæði og nánd við hafið.

Aðkomur að svæðinu eru frá Sjávargötu.



Hafnarbakki 19.



Njarðvíkurhöfn, Reykjanesbær. Húsakönnun.



Horft í átt að Sjávargötu 28.



Hafnarbakki 13.



Hafnarbakki 19.



Hafnarbraut 4.







Hafnarbakki 11 og 11a.




Horft frá Sjávargötu í átt að Hafnarbraut 11.





Ein elstu húsin á svæðinu, Sjávargata 30 og 32.


Nokkur hús á hafnarsvæðinu sem tengjast fiskiðnaði voru byggð á 7. og 8. áratugnum.





Sjávargata 30 og 29.


Sjávargata 14.

## Varðveislumat

Á húsverndarkorti eru eftirfarandi verndarflokkar auðkenndir:

- Friðlýst hús og mannvirki, auðkennd með bláum lit. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara. Friðlýsing er þinglýst kvöð. Sjá einnig 31.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, breytt 30.12.2022. Hús sem friðuð voru samkvæmt eldri lögum teljast nú friðlýst.
- Í 29. gr. sömu laga, segir: “Öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr eru friðuð”, auðkennd með fjólubláum lit. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.
- Umsagnarskyld hús og mannvirki sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr og til stendur að breyta, flytja eða rífa, eru auðkennd með appelsínugulum lit. Skylt er að leita umsagnar Minjastofnunar í samræmi við 30. gr. ofangreindra laga. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.
- Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra. Auðkennd með rauðum lit.
- Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra. Auðkennd með gulum lit.







Sjávargata 32 og 38.


Sjávargata 20.

Niðurstaða skráningar og varðveislumat er sett fram í fimm liðum í samræmi við skráningarform Minjastofnunar Íslands, þar sem segir m.a.:

- Byggingarlist: Matið byggir á núverandi útliti. Litið er til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forma, efnismeðferðar og notagildis.
- Menningarsögulegt gildi: Litið er til staðbundinnar eða sérstakrar byggingarhefðar, tæknilegra atriða og efnisvals út frá byggingartíma. Hlutverk byggingarinnar og tengingar við sögu og þróun.
- Umhverfisgildi: Lagt er mat á mikilvægi byggingarinnar fyrir nærliggjandi umhverfi og samspil við nálæg mannvirki.
- Upprunaleiki: Litið er til þess hvernig upprunalegt svipmót byggingar hefur varðveist. Metið hvernig breytingar falla að upprunalegri gerð.
- Ástand: Almennt mat á ástandi og viðhaldi.

Niðurstaða varðveislumats, varðveislugildi hússins, er metið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst.

Matið er sett fram í þremur stigum:

- Byggingar með **hátt** varðveislugildi. Friðlýstar byggingar og önnur mannvirki með ótvírætt varðveislugildi.
- Byggingar með **miðlungs** varðveislugildi. Friðaðar byggingar með lítið eða miðlungs varðveislugildi og önnur hús með miðlungs varðveislugildi.
- Byggingar með **lágt** varðveislugildi. Byggingar sem falla ekki undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.






Hafnarbraut 2.


Sjávargata 14.

## Húsaskrá

| | Friðun skv. lögum um menningarminjar, hús byggð 1923 eða fyrr | Hverfisverndar-flokkur | Byggingarár | Byggingarefni | Umsagnarskyld hús byggð 1940 eða fyrr |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjávargata 4 | | Rauður | 1959 | Steinsteypt | |
| Sjávargata 14 | | Gulur | 1935 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Sjávargata 18 (Bjarg) | | Gulur | 1937 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Sjávargata 20 (Mörk) | | Gulur | 1928 | Timbur | Umsagnarsk. |
| Sjávargata 27 | | Gulur | 1944 | Steinsteypt | |
| Sjávargata 28 | Friðað | | 1921 | Timbur | |
| Sjávargata 29 (Brautarholt) | | Gulur | 1934 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Sjávargata 30 (Höfði) | Friðað | | 1918 | Timbur | |
| Sjávargata 32 | Friðað | | 1921 | Timbur | |
| Sjávargata 33 (Önnuhús) | | Gulur | 1930 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Sjávargata 38 (Höskuldarkot) | | Gulur | 1934 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Hafnarbakki 5 | | Gulur | 1936 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Hafnarbakki 9 | | | 1928 | Timbur | Umsagnarsk. |
| Hafnarbakki 10 | | Rauður | 1945 | Steinsteypt | |
| Hafnarbakki 11 | | | 1970 | Stálgrind | |
| Hafnarbakki 11A | | | 1971 | Stálgrind | |
| Hafnarbakki 13 | | | 1974 | Stálgrind | |
| Hafnarbakki 19 | | Gulur | 1928 | Steinsteypt | Umsagnarsk. |
| Hafnarbraut 1A | | | 1995 | Stálgrind | |
| Hafnarbraut 1 | | | 1980 | Stálgrind | |
| Hafnarbraut 2 | | Gulur | 1956 | Steinsteypt | |
| Hafnarbraut 4 | | Gulur | 1928 | Timbur | Umsagnarsk. |
| Hafnarbraut 6 | | | 1962 | Steinsteypt | |



**Byggingarár: 1959** Sjávargata 4

Fyrsti eigandi: Jón A. Valdimarsson
Hönnuður: Sigvaldi Thordarson
Upphaflegur byggingarstíll: Módernismi

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Áhaldahús





Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Stálgrind og steypa | Stálgrind og steypa |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft; Portbyggt; Reykháfur; Milligólf | Einlyft; Portbyggt; Reykháfur; Milligólf |

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga**

**Saga:**

Jón A. Valdimarsson átti og rak Vélsmiðjuna Smiðjan sf. frá 1951-1964 og lét hann reisa þetta verkstæðishús fyrir starfsemina. Húsið er hannað af Sigvalda Thordarson.
Eftir það eignaðist Ellert Skúlason ehf. jarðvinnuverktaki húsnæðið og er fyrirtækið þar enn með sína starfsemi. Í dag er húsnæðið notað sem áhaldahús með verkstæði og starfsmannaaðstöðu.
Húsið virðist að hluta nýlega klætt með bárujárnsklæðningu en að öðru leyti þarfnast húsið viðhalds, t.d. steyptir útveggir. Á lóð eru skúrar og gámar.
Áhugaverð bygging sem vekur athygli og hefur varðveislugildi.

Fasteignamat: Versl/skrifstofuhús

**Varðveislumat:**

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Reisuleg og vel hönnuð bygging fyrir atvinnustarfsemi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af atvinnusögu hafnarsvæðisins frá seinni hluta 20. aldar til dagsins í dag. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Er hluti af heild á hafnarsvæðinu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er óbreytt að mestu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi vegna menningarsögu, byggingarlistar og umhverfis sem hluti af heild. |
| Verndarflokkar: | Einstök hús, götumynd - rauður litur á korti | |

## **Byggingarár: 1935** Sjávargata 14

Fyrsti eigandi: Guðrún Ólafsdóttir
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Steinhús af einfaldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð; Þjónusta



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari | Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Útitröppur; Kjallari; Bílskúr |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1958 | Bílskúr á lóð. | Ekki vitað. |

### Saga:

Hús Guðrúnar Ólafsdóttur kallast húsið á elstu teikningum.
Bílskúr úr timbri var byggður 1958 norðan við húsið. Steypt aðkomustétt og steyptir kantar á lóð.
Í dag er húsnæðið notað sem íbúðarhús en einnig fyrir starfsemi snyrtistofu.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Ágætis dæmigert íbúðarhús síns tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Er eitt af eldri húsum hafnarsvæðisins og því hluti af uppbyggingarsögu þess. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er hluti af götumynd og hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið að mestu óbreytt. Bílskúr bætt við síðar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Mjög gott ástand. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Umsagnarskylt samkvæmt lögum um minjavernd sökum aldurs upphaflegrar byggingar. Hefur varðveislugildi vegna byggingarsögu svæðisins og sem hluti af götumynd. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## **Byggingarár: 1937** Sjávargata 18 Bjarg

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur; Útitröppur | Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur; Útitröppur |

**Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga**

### Saga:

Til eru samþykktar teikningar frá 29. okt. 1992, gerðar af Teiknistofunni ARTIK. Á þeim er bíslagið ekki teiknað inn.
Við yfirbyggðar útitröppur á suðvesturhlið stendur timburkofi, auk þess eru tveir aðrir kofar/skúrar á lóð.
Viðhaldsframkvæmdir virðast vera í gangi á húsinu, t.d. nýir gluggar og lagfæringar á útveggjum. Steyptir lóðarveggir þarfnast viðhalds, sem og timburgrindverk.
Í húsinu eru tvær íbúðir.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt og dæmigert íbúðarhúsnæði fyrir sinn tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Er eitt af eldri húsum hafnarsvæðisins og því hluti af uppbyggingarsögu þess. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Er hluti af götumynd og hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bíslag og fleira rýra upprunaleikann. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhaldsframkvæmdir í gangi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Umsagnarskylt samkvæmt lögum um minjavernd sökum aldurs upphaflegrar byggingar. Hefur varðveislugildi sem hluti af uppbyggingarsögu svæðisins. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

## Byggingarár: 1928 — Sjávargata 20 — Mörk

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús af einfaldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

### Gerð húss:

| | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur og steypa | Timbur og steypa |
| Útveggir: | Bárujárn | Trapísustál |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft; Ris; Reykháfur; Útitröppur | Tvílyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur; Útitröppur |

### Helstu breytingar:

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| ? | Viðbygging til norðurs | |

### Saga:

Húsið er samsett úr tveimur hlutum, syðri hlutinn er með ris en í þeim nyrðri er bílskúr á jarðhæðinni. Efri hæð hússins nær yfir báða hlutana. Jarðhæðin er steypt en útveggir efri hæðar eru úr timbri. Steyptar útitröppur eru upp á efri hæð. Bíslag á austurhlið hússins er seinni tíma viðbygging.
Á fasteignaskrá er skráð byggingarár 1928 fyrir bæði húsið og bílskúrinn en loftmyndir benda til þess að norðurhlutinn hafi komið nokkrum áratugum síðar.
Samkvæmt elstu teikningum hét húsið áður Sjávargata 17.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Upprunalegt hús einfalt og dæmigert íbúðarhús fyrir sinn tíma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Er eitt af eldri húsum hafnarsvæðisins og því hluti af uppbyggingarsögu þess. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Er hluti af götumynd og hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sennilega hefur norðurhluti hússins verið byggður seinna en upprunalegt hús. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Umsagnarskylt samkvæmt lögum um minjavernd sökum aldurs upphaflegrar byggingar. Hefur varðveislugildi sem hluti af uppbyggingarsögu svæðisins. |

Verndarflokkar: Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

## Byggingarár: 1944 — Sjávargata 27

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

### Gerð húss:

| | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað, málað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Glerskáli/Sólstofa |

### Helstu breytingar:

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| ? | Sólstofa byggð við húsið | |
| 1972 | Bílskúr | Bjarni Þorsteinsson? |

### Saga:

Upprunalegt hús frá 1944, steinhús með valmaþaki, er dæmigert fyrir íbúðarhús þess tíma.
Við upphaflegt hús hefur bæst við steyptur bílskúr (árið 1972), stór sólstofa á suðurhlið og timburklætt bíslag á vesturhlið. Á lóð er timburpallur og skjólveggir. Steyptir lóðarveggir og kantar með timburgrindverki afmarka lóð hússins, þarfnast viðhalds. Hellulagt bílaplan á lóð og timburpallur.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Upphaflegt hús er einfalt og dæmigert íbúðarhús fyrir sinn tíma. Síðari tíma breytingar rýra ásýnd. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Er hluti af uppbyggingarsögu hafnarsvæðisins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á horni og er mikilvægur hluti af götumynd og heild byggðar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Töluverð breyting á ásýnd vegna umfangsmikilla viðbygginga. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand er ágætt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti af uppbyggingarsögu svæðisins. |

Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

## Byggingarár: 1921

Sjávargata 28

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús af einfaldri gerð

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Gistiheimili



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Bílskúr | | |

### Saga:

Húsið er eitt af elstu húsum svæðisins sem tekið er fyrir í þessari húsakönnun. Ekki eru til teikningar af því, nema einföld útlínuteikning frá 1994 vegna fasteignamats. Samkvæmt loftmynd frá 1954 virðist húsið a.m.k. þá vera komið í núverandi stærð.
Húsið er í dag notað sem gistiheimili.
Innbyggður bílskúr er í norðurhluta hússins og á hliðum hússins eru timburskyggni með bárujárnsþaki. Skyggnin tengjast garðstofu, timburskjólveggjum og timburpalli.
Malarplan á lóð.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Lágt | Einfalt hús að gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Er eitt af eldri húsum hafnarsvæðisins og því mikilvægur hluti af uppbyggingarsögu þess. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Er hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Vantar heimildir til að meta nánar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand hússins er ágætt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Friðað hús vegna aldurs. Hefur varðveislugildi sem hluti af heild og uppbyggingarsögu byggðarinnar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

## Byggingarár: 1934

Sjávargata 29

Brautarholt

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | 1960 Skúr | Ekki vitað |
| Útveggir: | Múrkl. | Múrkl. | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft; Ris; Svalir; Útitröppur; Kjallari | Tvílyft; Ris; Svalir; Útitröppur; Kjallari | | |

### Saga:

Steinhús með valmaþaki frá 1934, einfalt en nokkuð myndarlegt íbúðarhús. Eitt af einkennum hússins eru hraunaðir litaðir fletir á útveggjum sem er ódæmigert fyrir hús af þessari gerð og tíma, mögulega síðari tíma breyting.
Skúr frá árinu 1960 er á norðurhlið hússins. Á fasteignaskrá er hann skráður sem bílskúr en við skoðun er hann ekki með bílskúrshurð og því ekki notaður sem slíkur.
Á lóðinni eru timburpallar og skjólveggir og steyptur bogadreginn veggur afmarkar hana. Lóðarveggurinn þarfnast viðhalds en húsið sjálft virðist nýlega hafa fengið viðhald.
Hellulagt bílastæði á lóð.

### Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Ágætt dæmi um myndarlegt íbúðarhúsnæði síns tíma en hraunaðir fletir ódæmigerðir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Er hluti af uppbyggingarsögu hafnarsvæðisins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Er mikilvægur hluti af götumynd og heild byggðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Áfastur skúr rýrir upprunaleikann. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Umsagnarskylt samkvæmt lögum um minjavernd sökum aldurs upphaflegrar byggingar. Hefur varðveislugildi sem hluti af uppbyggingarsögu svæðisins. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1918** Sjávargata 30 Höfði

Fyrsti eigandi: Ekki vitað
Hönnuður: Ekki vitað
Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús af einfaldri gerð

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ljósmynd tekin í janúar 2021.



Ljósmynd tekin í janúar 2021.

| Gerð húss: | Upphafleg | Núverandi |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft; Ris; Reykháfur | Einlyft; Ris; Reykháfur; Svalir; Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1950 | Bílskúr | Ekki vitað |
| 1984 | Tvær viðbyggingar og svalir | Teiknistofan, P.V.B., arkitekt |

**Saga:**

Þetta timburhús er elsta hús svæðisins sem tekið er fyrir í þessari húsakönnun.
Bílskúr var reistur árið 1950 og stendur hann vestan við húsið. Húsið var stækkað á tvo vegu 1984, upprunalega húsið var lengt í vesturátt og á suðurhlið var komið fyrir viðbyggingu á 1. hæð m.a. fyrir nýjan inngang. Einnig voru settar svalir á suðausturhlið hússins. Í dag er svalagólf til staðar en án handriðs sem var.
Bogadregið timburhandrið á steyptum kanti á lóðarmörkum við götu.

**Varðveislumat:**

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Bygg.list: | Miðlungs | Einfalt og dæmigert timburhús fyrir sinn tíma. Hlutföll og ásýnd hússins mjög breytt frá því sem upphaflega var vegna viðbygginga. |
